



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2005
Tilvísun: UST20040500151/óaj

Efnistaka úr Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, Ölfusi. Tillaga að matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Neysluvatn - vatnsvernd

Í ofangreindri tillögu að matsáætlun er fjallað um þá þætti sem ekki verða skoðaðir í matsskýrslu og er neysluvatn og vatnsvernd einn af þeim þáttum. Þar segir að óskað hafi verið eftir álitni Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR) á því hvort fyrirhuguð eða núverandi efnistaka á brún Ingólfsfjalls gæti valdið mengun í nærliggjandi vatnsbólum. Samkvæmt því álitni streymir hvorki grunnvatn né yfirborðsvatn frá núverandi og fyrirhuguðu efnistökusvæði til vatnsbóla í grenndinni og er ekki talin hætta á að efnisvinnslan hafi áhrif á þessa þætti.


Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað verði nánar um þennan þátt, einkum hvað verði um það vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) sem streymir um efnistökusvæðið og gæti hugsanlega verið mengað. Umhverfisstofnun telur einnig að ræða þurfi þær forsendur sem liggja fyrir því að vatnsvernd á svæðinu hafi verið aflétt.


Tegund áhrifa

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er nægjanlegt að fjalla aðeins um bein áhrif framkvæmdarinnar, sbr. kafla 3.3 í tillögunni heldur er nauðsynlegt að skoða óbein og afleidd áhrif hennar. Fjalla þurfi t.a.m. um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglabjörg utan framkvæmdasvæðis og gróður utan framkvæmdasvæðis vegna hugsanlegrar rykmengunar. Stofnunin telur einnig að fjalla þurfi um tíðni og lengd áhrifa, t.d. hversu lengi rykmengun getur staðið yfir, bæði á meðan á vinnslutíma stendur og eftir að vinnslutíma lýkur. Einnig er nauðsynlegt að fjalla um hvenær

áætlað er að vinnslutíma ljúki sem og frágang námunnar, enda þurfa þær upplýsingar að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 48. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður